

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 220/2020**

**frá 11. desember 2020**

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/12 frá 2. ágúst 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2397 að því er varðar kröfur um hæfni og samsvarandi þekkingu og færni, verkleg próf, samþykki fyrir hermunum og heilbrigði <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 46c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2397) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„46d. **32020 L 0012:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/12 frá 2. ágúst 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2397 að því er varðar kröfur um hæfni og samsvarandi þekkingu og færni, verkleg próf, samþykki fyrir hermunum og heilbrigði (Stjtið. ESB L 6, 10.1.2020, bls. 15).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2020/12, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 6, 10.1.2020, bls. 15.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauri***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING